

## LCInt. AGM, Vilnius 2014

### Ferðasaga Steinu og Hildar Ýr



Það var með mikilli tilhlökkun sem við lögðum af stað frá Akureyri mánudaginn 25. ágúst sl. til þess að halda á LCInt. AGM í Vilnius. Við höfðum báðar farið áður á LCInt. AGM ráðstefnu, önnur í Hamborg 2011 og hin í Helsingborg 2012. Við vorum báðar sammála því að þetta þyrftum við að upplifa aftur. Það að fá að upplifa viðburð eins og þennan segjum við að séu forréttindi. Ef við hugsum aðeins um þetta þá er þetta í raun eitthvað einstakt og einstök upplifun. Þarna eru samankomnar konur frá amk. 27 þjóðlöndum allar með mismunandi uppruna og þjóðfélagsstöðu en allar með sama markmiðið, en það er að upplifa nýja hluti með gömlum vinum sem við vissum ekki að við ættum.

Þessi ráðstefna var engin undantekning frá fyrri ráðstefnum hvað varðar upplifum, við héldum kannski að fyrsta ráðstefnan væri sú besta en þar skjátlaðist okkur. Í þetta skipti tókum við þátt í nær öllum viðburðum þar sem við erum í ráðstefnunefnd fyrir AGM 2015 á Akureyri og langaði til þess að fræðast enn meira um það hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Það að sitja Councillors meeting og International Contact meeting veitti okkur enn meiri innsýn inni starf LC. Það er einhvern veginn þannig að þegar maður lærir meira um starfið þá sogast maður bara meira inni það og vill taka enn meiri þátt í því.



Við getum fullyrt að aldrei áður hefur jafn stór hópur farið á AGM frá Íslandi eins og í ár eða rúmlega 20 manns og þar af 5 makar. Betri ferðafélaga var ekki hægt að hugsa sér í þessari ferð og styrkti hún enn frekar þá vináttu sem áður var til staðar.

Opnunarhátíðin fór fram við fallega og vel skiplagða athöfn í Palace of the Grand Dukes í miðbæ borgarinnar, að henni lokinni tók við hin hefðbundna skróðganga sem er einn af hápunktum helgarinnar. Þegar við stigum út tók á móti okkur mígandi rigning en sem betur fer höfðum við margar verið forsjálar daginn áður og keypt okkur regnhlífur í HM, já HM klikkar ekki. Þrátt fyrir ágætis regnhlífur vorum við öll hundblaut þegar við komum á endastaðinn sem var skemmtistaðurinn Club Pabo Latino og þá byrjaði partyið... þvítíkt stuð og þvítík gleði. Við Íslendingarnir skemmtum okkur eins og Íslendingum sæmir og vorum komin með íslenska tónlist á fóninn og búin að yfirtaka sviðið áður en kvöldið tók enda.

Það voru því þreyttar konur sem örkuðu af stað á AGM fundinn á föstudagsmorgninum. Fundurinn var hátíðlegur og mikil stemning í salnum þegar við kynntum AGM 2015 á Akureyri á næsta ári. Við fundum fyrir miklum áhuga og meðbyr fyrir ráðstefnunni okkar alla helgina.

Að fara í heimaparty með ókunnugum konum í ókunnugu landi er sérstök upplifun. Við vorum báðar svo heppnar að fá að fara í heimaparty inná heimili í Vilnius. Gestgjafar okkar tóku vel á móti öllum þessum konum með þjóðlegum mat og drykk.



Hápunktur helgarinnar er klárlega Galakvöldið. Við mættum í okkar fínasta þússi, en reynslunni ríkari frá fyrri ráðstefnum og því flatbotna dansskór í plastpoka meðferðis. Og ekki vanþörf á því við vorum mættar á dansgólfið fyrir aðalrétt og tókum síðustu rútu heim.

Þreyttar, mjög sáttar og reynslunni ríkari héldum við heim á sunnudeginum. Við þökkum þeim yndislegu konum í Litháen sem stóðu að skipulagningu og framkvæmd fyrir frábært starf. Við hlökkum til komandi árs og vonandi eigum við eftir að hitta allar þessar dásamlegu konur aftur sem og enn fleiri á Akureyri, okkar heimabæ, í ágúst 2015.

Steinunn Línbjörg og Hildur Ýr

